

# 201. KIRKJURÁÐSFUNDUR

## MÍÐVIKUDAGINN 10. APRÍL 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

### FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning, fundargerð síðasta fundar og staða verkefna
2. Fasteignir
  - a) Sala jarðarinnar Borgarhóls, Skagafirði
3. Fjármál
  - a) Háteigsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
  - b) Grafarvogsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
  - c) Staðastaðarprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi
  - d) Möðruvallaprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi (frestað á síðasta fundi)
  - e) Fundargerð fjármálahóps frá 9. apríl 2013
  - f) Skálholt – deiliskipulag - viðbótarfjárveiting
4. Tónskóli þjóðkirkjunnar. Staða skólastjóra (frestað á síðasta fundi)
5. Skipurit og samþykktir Biskupsstofu (frestað á síðasta fundi)
6. Önnur mál
  - a) Samningur þjóðkirkjunnar og Siðfræðistofnunar – tillaga biskups
  - b) Sumartónleikar í Skálholti (frestað á síðasta fundi)
  - c) Miðaldadómkirkja í Skálholti
  - d) Erindi vegna útgáfu Sálmaþókar
  - e) Úrskurður Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2011, dags. 8. apríl 2013

---

## 1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á biskupsstofu 10. apríl kl. 9. Mætt voru Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sem jafnframt ritaði fundargerð, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri og að hluta Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari var erlendis. Fundurinn hófst á bæn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

---

## 2. FASTEIGNIR

---

*a) Sala jarðarinnar Borgarhóls, Skagafirði*

Kirkjuþing 2013 samþykkti heimild til að selja jörðina Borgarhól, Akrahrepp í Skagafirði. Jörðin var byggð út úr prestssetursjörðinni Miklabæ og leigð til erfðaábúðar. Kirkjumálasjóður á landið en að öðru leyti eiga ábúendur öll mannvirki á jörðinni Náðst hefur samkomulag við ábúendur um að jörðin verði seld á 10 millj. kr. en það er matsverð fasteignasala sem fenginn var til að verðmeta jörðina fyrir kirkjumálasjóð. Framangreint samkomulag var gert með fyrirvara um samþykki kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að jörðin yrði seld samkvæmt framanskráðu og veitti framkvæmdastjóra umboð til undirritunar kauptilboðsins, kaupsamnings, afsals og eftir atvikum annarra nauðsynlegra skjala.

---

## 3. FJÁRMÁL

---

*a) Háteigsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

Sóknarprestur Háteigsprestakalls hefur fengið lausn frá embætti að eigin ósk, frá og með 1. september 2013. Stefnt er að því að auglýsa embættið frá og með 1. desember 2013. Sett verður í aukajónustu í embætti sóknarprests, á tímabilinu september – nóvember 2013.

*b) Grafarvogsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

Biskup skýrði frá því að borist hefði erindi frá safnaðarfélagi Grafarvogskirkju þar sem fram kemur óánægja með að embætti prests í Grafarvogsprestakalli, sem losnaði á síðasta ári, skuli ekki hafa verið auglýst. Kirkjuráð stendur við fyrri ákvörðun um frestun auglýsingar á embættinu.

*c) Staðastaðarprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi*

Sóknarprestur Staðastaðarprestakalls hefur fengið lausn frá embætti að eigin ósk, frá og með 1. júlí 2013. Stefnt er að því að auglýsa embættið frá og með 1. desember 2013. Biskup skýrði frá því að fyrirhugað væri að auglýsa embættið með skyldum héraðsprests við Vesturlandsprófastsdæmi. Sett verður í aukþjónustu í embætti sóknarprests, á tímabilinu júlí – nóvember 2013.

*d) Möðruvallaprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi (frestað á síðasta fundi)*

Biskup skýrði frá því að sr. Sunna Dóra Möller, prestur í Akureyrarprestakalli, hefði verið sett sem sóknarprestur í 50% starfshlutfall í apríl- og maímánuði. Gert er ráð fyrir að prestakallinu verði þjónað næstu mánuði með svipuðum hætti.

*e) Fundargerð fjármálahóps frá 9. apríl 2013*

Lögð var fram fundargerð fjármálahóps frá 9. apríl 2013. Með fylgdi fundargerð hópsins frá 19. febrúar 2013, ásamt minnisblaði um fund með Ríkisendurskoðun 19. febrúar 2013. Í þesum gögnum er fjallað um vinnu fjármálahóps að þeim verkefnum sem vísað hefur verið til hópsins, m.a. um fjármál sókna. Eftirfarandi var sérstaklega rætt:

Almennar ábendingar Ríkisendurskoðunar í endurskoðun. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra var falið að fara yfir ýmsar ábendingar Ríkisendurskoðunar sem fram hafa komið í endurskoðunarskýrslum stofnunarinnar.

Kirkjuráð telur æskilegt að gera ítarlegri skil í skýrslu kirkjuráðs til kirkjuþings, allri þeirri þjónustu sem veitt er af hálfu kirkjuráðs og Biskupsstofu til sókna um fjármál og stjórnsýslu o.fl.

Rætt var um sjálfboðaliðastarf og fjáröflun, sbr. 33. – 35. mál kirkjuþings 2012. Samþykkt að vísa málinu til biskups Íslands.

*f) Skálholt – deiliskipulag - viðbótarfjárveiting*

Frestað til næsta fundar. Fjármálahópur kirkjuráðs mun fjalla um fjármál Skálholts á næsta fundi sínum.

---

#### 4. TÓNSKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Á síðasta fundi kirkjuráðs var fjallað um málefni Tónskóla þjóðkirkjunnar. Biskup hefur átt fund með þeim þriggja manna starfshópi sem hann kvaddi til sér til ráðgjafar um málefni skólans og kirkjutónlist almennt.

Samþykkt var að óska eftir að framkvæmdastjóri fundi með stjórn Tónskólans vegna ákvarðana kirkjuráðs í málefnum skólans.

---

## 5. SKIPURIT OG SAMÞYKKTIR BISKUPSSTOFU

---

Á síðasta fundi kirkjuráðs lagði biskup lagði fram til umræðu tillögu að nýju skipuriti biskupsstofu ásamt lista yfir verkefni biskupsstofu. Einnig greiningu á verkefnum kirkjupings, biskups og kirkjuráðs. Sú greining er samantekt á lögum, starfsreglum og öðrum heimildum er fjalla um þjóðkirkjuna og verksvið framangreindra stjórnvalda kirkjunnar. Ýmsar ábendingar komu frá kirkjuráði um skipuritstillögurnar.

Biskup lagði nú fram endurskoðaðar tillögur ásamt greinargerð. Kirkjuráð samþykkti tillögurnar með nokkrum breytingum.

---

## 6. ÖNNUR MÁL

---

*a) Samningur þjóðkirkjunnar og Siðfræðistofnunar – tillaga biskups*

Á síðasta fundi kirkjuráðs kynnti biskup kirkjuráði viðræður sem hann hefði átt við Siðfræðistofnun. Í gildi var samningur milli kirkjunnar og stofnunarinnar um tiltekið samstarf, en sá samningur er runninn út. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir að framkvæmdastjóri ræddi við forsvarsmenn Siðfræðistofnunar um áframhaldandi samstarf.

*b) Sumartónleikar í Skálholti (frestað á síðasta fundi)*

Á síðasta fundi kirkjuráðs kynnti biskup kirkjuráði erindi frá Sumartónleikum í Skálholti þar sem fram kom óánægja með að enginn fjárstyrkur hefði verið veittur til starfsins á þessu ári. Biskupi var þá falið að athuga málið nánar. Fyrir liggur að fjármálahópur kirkjuráðs mun ræða fjármál Skálholts á næsta fundi sínum.

Biskup mun kynna forsvarsmönnum sumartónleikanna hugmyndir kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að gera tillögur um málið.

*c) Miðaldadómkirkja í Skálholti*

Á síðasta fundi kirkjuráðs var til umfjöllunar og kynningar staða mála er varðar miðaldadómkirkju í Skálholti. Kirkjuráð lítur svo á að vígslubiskup í Skálholti, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, formaður fasteignanefndar þjóðkirkjunnar og Ásbjörn Jónsson hrl. hafi óbreytt umboð til viðræða við forsvarsmenn verkefnisins.

*d) Erindi vegna útgáfu Sálmabókar*

Lagt var fram til kynningar, bréf Guðnýjar Einarsdóttur, dags. 19. mars 2013, vegna fyrirhugaðrar útgáfu sálmabókar.

*e) Úrskurður Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2011, dags. 8. apríl 2013.*

Lagður var fram úrskurður Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2011, dags. 8. apríl 2013 – sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Biskupsstofa

Samkvæmt 13. gr. laga um um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 hafa málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Kirkjuráð mun ekki nýta framagreinda lagaheimild sína til áfrýjunar málsins. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:40. Næsti fundur ákveðinn 8. maí 2013 kl 9 á Biskupsstofu.

Guðmundur Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs